

Fimmtudaginn 14. nóvember 1996.

Nr. 96/1996.

Óskar Ingibersson

(Magnús Thoroddsen hrl.)

gegn

Gunnsteini A. Jakobssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Sjómenn. Uppsögn. Geymslugreiðsla. Frávísun máls að hluta frá héraðsdómi. Málsástæður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. mars 1996 og krefst sýknu af kröfum stefnda auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í héraði var endanleg krafa stefnda sú, að áfrýjanda yrði gert að greiða sér 625.973 krónur með nánar tilgreindum vöxtum. Kröfu þessa sundurliðaði stefndi þannig, að í fyrsta lagi væri um að ræða vangreiddan aflahlut, 60.005 krónur, vegna starfa sinna á skipi í eigu áfrýjanda og sona hans, Albert Ólafssyni, HF 39, í veiðiferðum frá 17. júlí til 24. ágúst 1993. Í öðru lagi krafðist stefndi launa vegna starfa á skipinu frá 1. til 10. nóvember 1993 og kaupgreiðslu í uppsagnarfresti fyrir tímabilið frá síðastgreindum degi til 10. febrúar 1994, að fjárhæð samtals 544.756 krónur. Í þriðja lagi krafðist stefndi greiðslu á 21.212 krónum vegna vangreidds aflahlutar í október og fram til 10. nóvember 1993. Í héraðsdómi voru fyrsta og þriðja krafa stefnda teknar í heild til greina, en önnur krafa hans aðeins, að því er varðaði kaup í uppsagnarfresti, að fjárhæð 501.155 krónur.

Fyrir Hæstarétti er ekki ágreiningur um fjárhæðir einstakra kröfuliða stefnda.

II.

Áfrýjandi viðurkennir kröfu stefnda um 60.005 krónur vegna vangreidds aflahlutar frá júlí og ágúst 1993. Hann krefst hins vegar sýknu af kröfunni á þeirri forsendu, að hann hafi innt af hendi þessa fjárhæð ásamt dráttarvöxtum með geymslugreiðslu á reikning við Landsbanka Íslands 22. maí 1995, samtals 76.457 krónur.

Því hefur ekki verið borið við af hálfu áfrýjanda, að honum hafi ekki tekist að greiða stefnda þessa skuld vegna aðstæðna eða atvika, sem stefndi beri ábyrgð á. Var því ekki fullnægt skilyrðum 1. gr. laga nr. 9/1978 um geymslufé, til að áfrýjandi gæti losnað undan greiðsluskyldu sinni við stefnda með geymslugreiðslu. Verður áfrýjandi þannig dæmdur til að greiða þennan lið í kröfum stefnda.

III.

Í kjölfar þess, að Albert Ólafsson, HF 39, kom til hafnar á Djúpvogi til löndunar 8. nóvember 1993, reis deila milli skipstjóra og skipverja um svokallað hafnarfrí, sem skipverjar töldu sig eiga rétt á samkvæmt kjarasamningi. Snerist deilan bæði um, hversu lengi fríið skyldi standa og hvort skipverjar yrðu að sæta því að taka það út utan lögskráningarhafnar skipsins, sem mun hafa verið í Keflavík. Eins og nánar greinir í héraðsdómi, leiddi þessi deila til þess, að skipstjóri sagði nokkrum skipverjum upp störfum 9. nóvember 1993, meðal annars stefnda, sem er óumdeilt, að hafi átt þriggja mánaða uppsagnarfrest. Síðar þennan sama dag áttu stefndi og skipstjóri enn orðaskipti um deiluefnið, sem lauk með því, að skipstjóri vék stefnda af skipinu. Vann stefndi ekki upp frá því í þágu áfrýjanda.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður áfrýjandi ekki talinn hafa sannað, að stefndi hafi neitað að vinna á skipinu í uppsagnarfresti eða vikist á annan hátt undan því að hlíta boðum skipstjóra. Verður því að telja skipstjóra hafa verið óheimilt að víkja stefnda úr skiprúmi, svo sem hann gerði. Þegar af þeirri ástæðu verður staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um rétt stefnda til launa í uppsagnarfresti.

IV.

Fyrir Hæstarétti hefur stefndi greint svo frá atvikum að baki kröfu sinni vegna vangreidds aflahlutar í október og nóvember

1993, að á þessu tímabili hafi áfrýjandi reiknað aflahlutinn eftir fiskverði, sem lagt hafi verið til grundvallar í samningi 14. október sama ár milli útgerðar umrædds skips og Fiskverkunar Óskars Ingiberssonar, einkafirma áfrýjanda, um kaup þess á þorskafla skipsins. Hafi þar verið samið um fast verð, 60 krónur fyrir hvert kíló af þorski, með tiltekinni viðbót eða frádrætti, ef vikið yrði frá ákveðinni meðalþyngd fisks. Afli frá þessu tímabili hafi hins vegar í reynd verið seldur á fiskmarkaði fyrir mun hærra verð en aflahlutur stefnda var reiknaður eftir. Samkvæmt því krefst stefndi þess, að áfrýjandi verði gert að greiða viðbót við aflahlutinn af þeim mismun, sem var annars vegar á söluverði aflans á fiskmarkaði og hins vegar á verðmæti hans samkvæmt fyrrgreindum samningi frá 14. október 1993, en óumdeilt er, að aflahluti handa stefnda af þeim mismun næmi 21.212 krónum, sem er fjárhæð þessa kröfuliðar hans.

Krafan, sem hér um ræðir, var fyrst höfð uppi í framhaldssök í héraði. Í framhaldsstefnu kvað stefndi kröfuna komna til af því, að áfrýjandi hefði skotið undan hlutaskiptum nokkru af afla umrædds skips í október og nóvember 1993 og selt hann á fiskmarkaði í nafni Fiskverkunar Óskars Ingiberssonar fyrir 1.862.034 krónur. Taldi stefndi aflahlut sinn af þeirri fjárhæð nema 53.458 krónum, sem hann krafðist að fá greiddar í framhaldssökinni. Af hinum áfrýjaða dómi er unnt að ráða, að stefndi hafi á einhverju stigi undir rekstri málsins í héraði lækkað þennan lið í kröfum sínum í 21.212 krónur. Verður þó hvorki séð af dóminum né öðrum gögnum málsins hvaða atvik hafi búið að baki breyttri kröfugerð stefnda.

Fyrir Hæstarétti styður stefndi þennan lið í kröfum sínum þeirri málsástæðu, að fyrrgreindur samningur frá 14. október 1993 hafi verið gerður til málamynda, enda hafi áfrýjandi verið að semja þar við sjálfan sig um kaup og sölu afla til að lækka skiptaverðmæti hans til hlutaskipta frá því, sem áfrýjandi hafi í reynd fengið fyrir aflann á fiskmarkaði. Virðist stefndi þannig miða við, að virða eigi umræddan samning að vettugi af þessum sökum og að ákveða eigi aflahlut sinn af raunverulegu söluverði aflans. Um málatilbúnað stefnda að þessu leyti er til þess að líta, að í framhaldsstefnu í héraði kvaðst hann reisa þessa kröfu „á sömu málsástæðum og fram koma í frumstefnu málsins“. Þær málsástæður lutu að engu leyti að því, sem að framan greinir, og verður hvergi annars séð, á hvaða

málsástæðum stefndi reisti þessa kröfu endanlega fyrir héraðsdómi. Þá hefur stefndi ekki hnekkð þeirri staðhæfingu áfrýjanda, sem fram kom við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti, að aldrei hafi verið farið að því í héraði, að umræddur samningur hafi verið gerður til málamynda.

Eins og að framan greinir, hafa kröfur stefnda í þessum þætti málsins verið á reiki svo og lýsing á grundvelli þeirra og atvikum að baki þeim, sem var að auki stórlega áfátt í héraði. Í reynd voru engar málsástæður eða röksemdir færðar fyrir kröfunum framan af rekstri málsins í héraði, og verður auk þess hvergi séð í gögnum þess, hvort þær hafi nokkru sinni komið þar fram. Er málátílbúnaður stefnda að þessu leyti í slíkri andstöðu við d- og e-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála svo og meginreglu þeirra laga um skýran og afdráttarlausan málflutning, að vísa ber þessum lið í kröfum hans sjálfkrafa frá héraðsdómi.

V.

Samkvæmt framansögðu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda samtals 561.160 krónur með dráttarvöxtum, eins og nánar greinir í dómsorði. Þá verður áfrýjanda einnig gert að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðinn er í einu lagi, svo sem segir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Kröfum stefnda, Gunnsteins A. Jakobssonar, í framhaldssök í héraði er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjandi, Óskar Ingibersson, greiði stefnda 561.160 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 10.355 krónum frá 15. ágúst 1993 til 14. september sama ár, af 60.005 krónum frá þeim degi til 15. desember sama ár, af 232.502 krónum frá þeim degi til 15. janúar 1994, af 431.080 krónum frá þeim degi til 15. febrúar sama ár, af 528.640 krónum frá þeim degi til 15. mars sama ár, en af 561.160 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 22. desember 1995.

Ár 1995, föstudaginn 22. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Brekkugötu 2, Hafnarfirði, kveðinn upp dómur í málinu nr. E-55/1995: Gunnsteinn A. Jakobsson gegn Óskari Ingiberssyni, sem dómtekið var 23. nóvember sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Gunnsteinn A. Jakobsson, kt. 300173-3739, Heiðarhrauni 31 B, Keflavík, en stefndi Óskar Ingibersson, kt. 010723-4939, Njarðargötu 7, 230 Keflavík.

Umboðsmaður stefnanda er Arnmundur Backman hrl., en umboðsmaður stefnda Magnús Thoroddsen hrl.

I.*Dómkröfur.*

1. Aðalkröfur stefnanda eru í stefnu, dags. 14. des. 1994, en með framhaldsstefnu, dags. 15. mars sl., eru gerðar frekari kröfur í málinu. Hefur málið verið sameinað, frumsök og framhaldssök, og eru endanlegar kröfur stefnanda, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda launaskuld, að fjárhæð 625.973 kr., með [nánar tilgreindum dráttarvöxtum]. Loks er krafist málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi að viðbættu álagi, er nemi virðisaukaskatti.

2. Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda í aðalsök og framhaldssök, en þó samþykkt krafa stefnanda, er fram komi í dómskj. nr. 3 og 4, að fjárhæð 60.005 kr., sem stefndi hafði geymslugreitt auk dráttarvaxta. Kröfunni um staðfestingu á sjóveðsrétti var sérstaklega mótmælt, en í rekstri málsins hefur stefnandi fallið frá þeirri kröfu. Þá er krafist málskostnaðar samkv. málskostnaðarreikningi, er lagður verði fram við aðalmeðferð málsins.

II.*Málavextir.***1. Uppsögn úr skiprúmi.**

Stefnandi réð sig til starfa hjá stefnda sem háseti á vb. Albert Ólafsson, KE-39, í upphafi árs 1993, en síðar var hann ráðinn vélavörður. Samkvæmt siglingavottorði lögskráningarstjórans í Keflavík er stefnandi lögskráður á bátinn sem háseti frá 4. 2. 1993 til 2. 5. 1993, en frá 3. 5. 1993 til 25. 7. 1993 og frá 6. 8. 1993 til 10. 11. 1993 er hann lögskráður sem vélavörður á bátinn. 27. október 1993 fór skipið í veiðiferð austur á Austfirði, þar sem það skyldi vera á línuveiðum.

Skipið var við veiðar út af Stellinganesi (sic), en kl. 7.00 31. október 1993 er komið til hafnar á Fáskrúðsfirði og þar landað og brottför ákveðin kl. 24.00 1. nóvember 1993. Var þá haldið á sömu mið og verið þar að veiðum

til 8. nóvember 1993, að komið er í höfn á Djúpavogi kl. 7.30 til löndunar. Var þá kominn úr Keflavík flokkur manna til að annast löndunina og auk þess tveir hásetar, sem voru að koma úr fríi, þ. e. Arnar Lárusson og Árni Árnason, en tveir aðrir, Ásgeir Úlfarsson og Eðvald Björnsson, fóru þá í frí. Á skipinu var 14 manna áhöfn. Brottför skipsins var ákveðin kl. 20.00 sama dag.

Töluverður hluti áhafnarinnar var óánægður með að fá ekki hafnarfrí í 24 tíma eftir svo langa veiðiferð, og sumir töldu sig eiga rétt á hafnarfríi í heimahöfn skipsins, þ. á m. stefnandi. Meginhluti áhafnarinnar hafði farið upp á Hótel Framtíð á Djúpavogi, og var þar borðaður hádegisverður og jafnframt haft samband við formann Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur o. fl. um það, hvernig túlka bæri kjarasamninga um hafnarfrí. Var tekið undir það sjónarmið þeirra, að þeir ættu rétt á hafnarfríi í heimahöfn skipsins. Rétt fyrir fyrirhugaða brottför skipsins boðuðu skipverjar skipstjóra á fund við sig í borðsal skipsins, og var Arnar Lárusson í forsvari fyrir skipverja, en þeir höfðu valið hann trúnaðarmann sinn í öðrum samskiptum við útgerð bátsins. Skýrði hann fyrir skipstjóra, að áhöfnin eða undirmenn á skipinu yndu því illa að fá ekki löndunarfrí í heimahöfn og vildu fá að fara heim eða fá það löndunarfrí, sem þeir ættu rétt á. Hafði annar háseti, Hlynur Midfjord, lesið upp úr kjarasamningum þessu til áréttingar. Skipstjóri, Karl Óskarsson, hafði ekki tekið undir þetta og haldið því fram, svo sem fram kemur í skýrslu hans, merktri dskj. nr. 24, að túlka bæri samningana þannig, að skylt væri, að áhöfn fengi 24 stunda hafnarfrí í löndunarhöfn, en svo væri skylt að veita mönnum fjögurra sólarhringa frí á mánuði í heimahöfn án tillits til 24. klst. hafnarfría. Hefur hann viðurkennt, að það hafi verið mistök af sinni hálfu að ákveða ekki 24. klst. löndunarfrí, en hann muni hafa verið að hugsa um að vera á réttu róli með línulagnir um nóttina. Eftir næstu veiðiferð hafi átt að fara til Keflavíkur og taka þriggja daga frí, og kvaðst skipstjóri hafa sagt það formanni Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur, sem var í sambandi við hann, og ætlaði hann að tala við skipshöfnina um þetta daginn eftir.

Fram er komið, að skipstjóri hafði reiðst á fundinum og rekið þá Arnar Lárusson og Hlyn Midfjord. Um hádegisbil daginn eftir boðar skipstjóri átta af áhöfn skipsins, þ. á m. Arnar Lárusson, Hlyn Midfjord og stefnanda, á sinn fund og segir þeim upp störfum á skipinu með lögbundnum fyrirvara, sem var vika, að því er varðaði þá alla nema stefnanda, sem hefur haldið því fram, að skipstjóri hafi talið hann eiga vikuuppsagnarfrest.

Ástæðuna fyrir uppsögninni kveður skipstjóri í skýrslu sinni hafa verið deiluna um það, hvort áhöfnin ætti rétt á 24. klst. fríi í heimahöfn skipsins eftir hverja löndun, en hann hefur haldið því fram, að hún hafi neitað að

fara á veiðar, nema frí yrði í greint sinn í heimahöfn. Hann kvaðst eftir viðræðu við Arnar Lárússon, sem hafi verið í fyrirsvari fyrir þá, sem gerðu kröfu um hafnarfrí í heimahöfn, hafa kannað, hvort þeir héldu fast við mótmæli sín, og er því hafði verið svarað játandi, hefði hann ákveðið að segja þessum mönnum upp og viljað með því leggja áherslu á rétt sinn til ákvörðunar um brottför skipsins. Þrír þeirra, sem sagt var upp, þeir Arnar, Hlynur og Ægir Ólafsson, ákváðu að fara af skipinu án þess að vinna uppsagnarfrestinn og tóku föggur sínar rétt fyrir boðaða brottför skipsins kl. 24.00 9. nóvember 1993. Er fram komið hjá Hlyni, að hann hafi farið vegna þess, að hann vildi ekki hlíta því að fá ekki hafnarfrí, eins og hann ætti rétt á. Brottför skipsins var eftir þetta frestað, meðan þess var beðið, að aðrir menn kæmu að sunnan í stað þeirra, sem fóru. Stefnandi og Árni Árnason háseti höfðu daginn eftir farið upp á símstöð, og hafði stefnandi hringt í Vélstjórafélag Íslands og haft Árna með sér í símklefann til vitnis um samtalið. Hann hafði ætlað að ná samtali við formann félagsins, Helga Laxdal, en ekki náð í hann, þar sem hann var sagður norður á Akureyri. Hann hefði þá talað við starfsstúlku hjá félaginu og greint henni frá stöðunni hjá sér og öðrum um borð. Hún hefði haldið því fram, að rétturinn væri þeirra, sem mótmælt hefðu, og hið eina, sem þeir gætu gert, væri að láta reyna á það. Ætlaði hún að bera ábyrgð á aðgerðum þeirra, en þarna hefði verið átt við að fara fram á hafnarfrí í heimahöfn. Stefnandi hefði þá farið aftur um borð í skipið. Þetta var eftir hádegi, og hittu þeir Vilhjálm vélstjóra í borðsal skipsins. Fóru þeir að ræða við hann um það, að þeir hefðu réttinn sín megin um að fara fram á hafnarfrí í heimahöfn, en hann hafði áður haldið því fram, að þetta væri rugl í þeim. Í þessu hefði skipstjóri komið í borðsalinn og blandast í umræðurnar. Ber skipstjóra og stefnanda nokkuð á milli um það, sem þá fór fram þeirra á milli, svo sem síðar verður vikið að, en stefnandi hafi lagt áherslu á, að hann vildi fá hafnarfrí í heimahöfn, og Árni tekið undir það. Skipstjóri hefði hins vegar ekki tekið undir það og eftir orðaskiptin, sem þarna urðu, vikið þeim úr skiprúmi eða sagt þeim að koma sér frá hans skipi. Þetta hefði verið um kl. 16.00, og hefðu stefnandi og Árni þá tekið föggur sínar og farið upp á hótél. Þar gistu þeir um nóttina, en tóku svo flug daginn eftir heim frá Hornafirði. Réð útgerðin þá aðra í þeirra stað, sem komu að, og því frestaðist, að skipið héldi á veiðar þar til daginn eftir, 11. nóvember.

19. nóvember 1993 var af Landssambandi íslenskra útgerðarmanna beðið um sjópróf vegna þess atburðar, er fimm menn hurfu úr skiprúmi á Albert Ólafssyni, KE-39, 8.–10. nóvember s. á. Fóru sjóprófin fram hér í dómi 30. nóvember s. á. Voru teknar skýrslur af Karli Óskarssyni skipstjóra og vitn-

unum Vilhjálmí Jónssyni vélstjóra, Heiðargerði 5, Keflavík, kt. 091143-3489, Arnari Helga Lárussyni háseta, Ránarvöllum 13, Keflavík, kt. 200576-3819, Erni Sævari Hólm stýrimanni, Sunnubraut 21, Garði, kt. 220163-7849, Ægi Ólafssyni háseta, Melteigi 20, Keflavík, kt. 291068-4649, Hlyni Svanholt Midfjord háseta, Vallargötu 16 B, Sandgerði, kt. 050171-5229, og Jóni Birni Lárussyni háseta, Ránarvöllum 13, Keflavík, kt. 260577-4339.

Við aðalmeðferð málsins voru aftur teknar skýrslur af Karli Óskarssyni skipstjóra, Heiðarbóli 31, Keflavík, kt. 031154-7319, og Erni Sævari Hólm stýrimanni og tekin aðilaskýrsla af stefnanda. Þá kom vitnið Árni Árnason háseti, Hlíðarhjalla 17, Kópavogi, kt. 071173-5439, fyrir réttinn og bar vitni.

Það, sem rakið hefur verið hér að framan um málavexti, er að verulegu leyti samkvæmt framburði þessum. Aðdragandi þess, að stefnanda og Árna var vísað frá borði, kvað skipstjóri hafa verið þann, að stefnandi hefði neitað að fara með út á sjó, nema skipinu væri siglt til Keflavíkur, og það legði fyrir, ef ekki yrði orðið við kröfum hans, að hann myndi ekkert vinna um borð, meðan á veiðiferð stæði. Skipstjóri kvaðst þá hafa beðið stefnanda og Árna að fara, því að hann hefði ekkert við farþega að gera um borð. Við sjóprófin kvaðst hann ekki hafa verið tilbúinn að taka stefnanda í næstu veiðiferð eftir þetta upphlaup, en við aðalmeðferð málsins kvaðst hann hafa verið tilbúinn að hafa hann sem vélavörð í næstu veiðiferð þrátt fyrir þetta. Hann hefði þó farið strax í að útvega annan vélavörð. Hann kvaðst hafa ætlast til, að stefnandi ynni út uppsagnarfrestinn, sem hann hefði búist við, að væri vika, er hann sagði honum upp, en litlu síðar fengið upplýsingar um, að uppsagnarfrestur var þrír mánuðir. Fram kom hjá stefnanda og vitnunum Árna Árnasyni og Vilhjálmí Jónssyni, að stefnandi hefði viljað, að hafnarfrí yrði tekið í heimahöfn, og skipstjóri þá reiðst og rekið stefnanda og Árna frá borði. Stefnandi kvaðst hafa ætlað að vinna uppsagnarfrestinn, en ekkert kemur fram um það í vætti vitnanna, að stefnandi hafi neitað að fara á sjó, nema farið yrði til Keflavíkur, né að hann hafi neitað að vinna um borð, yrði það ekki gert.

Stefnandi telur sig vegna hinnar fyrirvaralausis uppsagnar eiga samkvæmt lögum og kjarasamningum sem yfirmann á skipinu rétt á fullum launum þrjá mánuði, frá 1. des. 1993 til 28. febrúar 1994, sbr. 2. mgr. 9. gr., sbr. og 5. gr. laga nr. 35/1985. Vangreidd laun til stefnanda í uppsagnarfresti nema 544.756 krónum, og er í því sambandi vísað til dómskjala nr. 3–8 um sundurliðun, en við útreikning kröfunnar er stuðst við upplýsingar frá Fiskmarkaðinum í Hafnarfirði og uppgjör frá stefnda.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi hlaupist úr skiprúmi og hliðri sér ólöglega hjá að vinna í uppsagnarfresti. Hafi hann með því brotið starfs-

skyldur sínar við útgerðarmanninn. Hegðun stefnanda sé brot á ákvæðum 3. mgr. 58. gr. og 89. gr. og 1. mgr. 80. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, og hafi hann með framferði sínu fyrirgert rétti sínum til launa á uppsagnartíma skv. 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. sjómannalaga.

Þá var því mótmælt, að í kröfugerð stefnanda væri upphafstími uppsagnarfrests miðaður við mánaðamót nóvember–desember 1993 í staðinn fyrir 9. nóvember 1993, er uppsögnin fór fram. Það styðjist hvorki við lög né kjarasamninga og sé þar að auki andstætt dómvenju.

2. Uppgjör.

Í frumstefnu telur stefnandi, að laun sín miðað við aflaverðmæti fyrir tímabilið 17. 7. 1993 til 25. 7. 1993 og 26. 7. 1993 til 24. 8. 1993 séu vanreiknuð um 60.005 kr. Samkvæmt uppgjöri stefnda var heildaraflaverðmæti skipsins til hlutaskipta 7.155.017 kr., en samkv. upplýsingum frá Fiskifélagi Íslands og frá fiskmarkaðnum, þar sem afli skipsins var seldur, var raunverulegt aflaverðmæti greint tímabil 9.565.200 kr. og mismunur því 2.410.183 kr. Stefndi hefur samþykkt kröfur stefnanda að þessu leyti og geymslugreitt stefnanda 60.005 kr. auk dráttarvaxta, og er ekki ágreiningur í málinu um þetta.

Í framhaldssök gerir stefnandi kröfu um að fá greidda viðbótarskuld við það, sem að framan er rakið, að fjárhæð 53.458 kr., auk dráttarvaxta, og kemur þar fram, að frá því í október 1993 hafi hluti af afla bátsins verið seldur á fiskmarkaði í nafni Fiskverkunar Óskars Ingiberssonar, en ekki í nafni útgerðarfélags Óskars Ingiberssonar, sem er eigandi vb. Alberts Ólafssonar, KE-39, þó að aflinn hafi komið beint úr skipinu á fiskmarkaðinn. Í uppgjöri stefnda um laun stefnanda fyrir tímabilið frá október 1993, þar til hann hætti störfum, sé ekki miðað við það verð, sem fengist hafi fyrir aflann á fiskmarkaðnum, og muni 1.862.034 krónum, sem hið raunverulega aflaverðmæti sé hærra en í uppgjöri. Hafi stefndi komið þessu undan hlutaskiptum, og miðist vangreidd laun við það, sbr. útreikninga á dóm skjölum nr. 14–15.

Stefndi hefur í þessu sambandi vísað til þess, að 14. október 1993 hafi verið gerður samningur milli útgerðar Alberts Ólafssonar, KE-39, og Fiskverkunar Óskars Ingiberssonar um fast fiskverð og um föst viðskipti, og hafi samningurinn gilt til 31. des. 1993. Samningur þessi er lagður fram, merktur dóm skj. nr. 21, en þar kemur fram, að fiskverkunin kaupir þorsk að meðalþyngd 2,5 kg á 60.00 kr. + 1,00 kr. fyrir hver 100 gr yfir meðalþyngd og – 1,00 kr. fyrir hver 100 gr undir meðalþyngd, en í samningnum er og gert ráð fyrir, að undirmálsþorskur og aðrar fisktegundir fari á Fiskmarkaðinn í Hafnarfirði. Undir samninginn skrifa f. h. fiskverkunarinnar stefndi Óskar,

en Ingiber Óskarsson f. h. Alberts Ólafssonar, KE-39. Stefndi bendir á, að hér sé um tvö sjálfstæð fyrirtæki að ræða, og vísar til vottorðs firmaskrár Njarðvíkur, þar sem Fiskverkun Óskars Ingiberssonar er skráð einkafirma stefnda, og svo til afsals um kaup stefnda, Karls Óskarssonar skipstjóra, og Ingibers Óskarssonar á vb. Albert Ólafssyni, KE-39. Stefndi heldur því fram, að útgerðin ráði því, hverjum hún selji aflann, sem hún í þessu tilviki hafi selt sjálfstæðu fyrirtæki, fengið umsamið verð og aflahlutur verið reiknaður af því. Vísað er til þess, að 1. gr. laga nr. 24/1986 skyldi ekki útgerðarmenn til að selja afla á fiskmarkað, heldur geti þeir selt hverjum, sem er, ef þeir telji, að raunvirði fáiast fyrir. Stefnandi heldur því hins vegar fram, að samkv. þessari grein sé ljóst, að skipverjar öðlist eignarhlutdeild í veiddum afla, um leið og hann komi inn fyrir borðstokkinn.

Við aðalmeðferð málsins kom fram, að greindur samningur hékk uppi í borðsal vs. Alberts Ólafssonar, KE-39, þar sem skipverjar gátu kynnt sér hann ásamt öðrum tilkynningum útgerðar, þ. á m. um kostnað vegna kvótakaupa o. fl. Karl Óskarsson skipstjóri kvað samninginn hafa hangið uppi í borðsal skipsins, meðan hann gildi, og engin andmæli komið gegn honum af hálfu skipverja, sem í upphafi spurðu, hvort þetta væri uppsögn af hálfu útgerðar, en ekkert aðhafst frekar. Hann hefði litið á viðbrögð skipverja sem þegjandi samþykki, þar sem þeir hafi allir viljað halda áfram. Hann kvað eina úrræði skipverja, sem sættu sig við verð samkv. samningnum, hafa verið að segja upp störfum, enda hefði hann líka tekið það fram við þá, að þeim væri guðvelkomið að segja upp sjálfir. Samningurinn hefði ekki verið borinn upp til samþykktar eða synjunar.

Vitnin Árni Árnason og Arnar Hólm (sic) hafa og borið, að samningurinn hafi hangið uppi í borðsal, en ekki verið um það að ræða, að þeir samþykktu hann, né hafi verið boðið upp á neina umræðu um hann, heldur hafi það komið skýrt fram, að þeir, sem gengju ekki að þessu, hefðu ekkert að gera um borð í skipinu og gætu farið í land. Vitnið Arnar kvaðst ekki hafa mótmælt samningnum og vissi ekki til þess, að aðrir gerðu það. Vitnið Árni kvað samninginn hafa verið til kominn vegna slæmrar kvótastöðu bátsins og að útgerðin þyrfti að taka á sig kostnað vegna kvótakaupa.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Málsókn þessi miðast við það, að við uppgjör aflahlutar hafi stefndi rangfært tölulegar staðreyndir í því skyni að draga sér fé stefnanda. Með rangfærslum í uppgjöri og greiðslum samkvæmt því hafi stefndi greitt stefnanda lægri aflahlut en honum bar lögum samkvæmt, sbr. 1. nr. 24/1986.

Þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn úr landi, er skiptaverðmæti hans

til hlutaskipta og aflaverðlauna 76% af því heildarverðmæti, sem útgerð fær fyrir hann við sölu, sbr. 1. gr. s. l. Skiptahlutfall það, sem stefnda ber samkvæmt 1. gr. s. l., er ófrávikjanlegt, og frá því verður hvorki vikið einhliða né með samningum, sbr. umrætt lagaákvæði og gr. 1.10. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Jafnvel þó að stefndi hygðist bera það fyrir sig, að með umræddum frádrætti væri stefndi eingöngu að taka þátt í kaupum á kvóta, er til þess að líta, að 26. apríl 1992 var gengið frá undirritun yfirlýsingar af hálfu vinnuveitenda og fulltrúa sjómanna um ólögmæti slíkra aðgerða. Sú yfirlýsing fól í sér áréttingu á þeim gildandi rétti, að óheimilt væri að láta sjómenn taka þátt í kaupum á aflaheimildum.

Óheimilt er samkvæmt kjarasamningum og lögum að láta áhafnir skipa taka þátt í kvótakaupum útgerða. Í gr. 1.24. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands við LÍÚ segir, að útgerðarmaður hafi með höndum sölu aflans, og skuli skipverjum tryggt hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Um skiptaverðmæti aflans fer samkvæmt l. nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun sjávarútvegsins.

Þar sem stefndi hefur með ólögmætum og refsiverðum hætti dregið sér fé stefnanda, ber honum að endurgreiða stefnanda fé þetta í samræmi við kröfur hans.

Samkvæmt lögum og kjarasamningum á stefnandi, sem var yfirmaður á skipi stefnda, rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Stefndi hefur ekki greitt stefnanda laun vegna nóvembermánaðar. Samkvæmt framangreindu á stefnandi rétt á greiðslu fullra launa í þrjá mánuði, þ. e. laun frá 1. 1. 1994 til 31. 3. 1994, sbr. 2. mgr. 9. gr., sbr. og 5. gr. l. nr. 35/1985 og 1.33. gr. í kjarasamningi Landssambands íslenskra útvegsmanna annars vegar og yfirmanna innan Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar.

Um greiðsluskyldu stefnda vísast til I. kafla l. nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, I.–II. kafla sjómannalaga nr. 35/1985, meginreglna vinnuréttar um greiðslu verkkaups og meginreglna samningaréttar um skyldu til efnda samninga auk laga nr. 30/1987 um orlof. Kröfur um vexti og vaxtavexti styðjast við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.

Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. eml. nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðst við lög nr. 50/1988. Stefndi er ekki virðisaukaskattsskyldur og ber því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Samningur merktur dskj. nr. 21 hafi ekki verið borinn undir áhöfnina til samþykktar og samkvæmt 7. gr. laga nr. 80/1938 sé launþegum óheimilt að samþykkja slíka samninga.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Vísað er til grundvallarreglu vinnuréttarins um skyldur launþega gagnvart atvinnuveitanda, sérstaklega á þeirri skyldu manna að starfa út uppsagnarfrest í þágu vinnuveitanda, og skyldur skipverja skv. 3. mgr. 58. gr., 59. gr. og 1. mgr. 80. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Stefndi hefur lagt áherslu á, að stefnandi hafi óhlýðnast skipstjóra með kröfunni um hafnarfrí og neitað að vinna um borð. Bent er á, að fasta verð-ið samkvæmt samningi, merktum dskj. nr. 21, sé sambærilegt við fast verð hjá Granda og ÚA.

Pá er bent á, að í uppgjöri á dskj. nr. 14 og 15 eigi prósentu utan skipta að hækka úr 24% í 25% vegna hækkunar á olíuverði.

Málkostnaðarkrafa er reist á ákvæðum 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um skiptaverðmæti er vísað til laga nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, I. kafla.

Um uppsagnarfrest yfirmanna er vitnað til 5. gr., sbr. 9. gr., 2. mgr., sjómannalaga nr. 35/1985.

V.

Niðurstöður.

Í hæstaréttarmálinu nr. 245/1995: Örn Hólm gegn Óskari Ingiberssyni, var fjallað um það, hvort vísa ætti því máli frá dómi án kröfu, þar sem fleiri en stefndu stóðu að útgerð vb. Alberts Ólafssonar, KE-39, og hafði ekki öllum verið stefnt. Mál þetta, sem hér er til umfjöllunar, er samsvarandi hæstaréttarmálinu, og er vísað til niðurstöðu Hæstaréttar um þetta álitafni í þessu máli.

Um uppsögn og laun í uppsagnarfresti.

Ekki hefur verið lagður fram í málinu skriflegur ráðningarsamningur við stefnanda sem vélavörð, en um það er ekki deilt, að hann var ráðinn vélavörður, sbr. og dómskjal nr. 10, og sem yfirmaður átti hann skv. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 35/1985, rétt á þriggja mánaða uppsagnarfresti. Af gögnum málsins er ljóst, að stefnanda var 8. nóvember 1993 sagt upp störfum sem vélaverði á vb. Albert Ólafssyni með fyrirvara, sem kann að hafa verið rangt tilgreindur í upphafi. En það lá fyrir, að skipstjóri ætlaðist til, að hann og aðrir, sem sagt var upp á þessum tíma vegna kröfu þeirra um hafnarfrí í heimahöfn, ynnu lögbundinn uppsagnarfrest. Pá er og sannað, að skipstjóri vísaði stefnanda frá borði skilyrðislaust 10. nóvember 1993, eftir að hann hafði í borðsal skipsins í viðræðum við skipstjóra ítrekað kröfuna um hafnarfrí í heimahöfn. Það fær hins vegar ekki stoð í vætti vitnanna Árna Árna-

sonar og Vilhjalms Jónssonar, að stefnandi hafi neitað að fara í næstu veiðiferð skipsins né vinna um borð í skipinu, og sjálfur hefur hann haldið því fram, að hann hafi ætlað að vinna á skipinu út uppsagnarfrestinn. Þykir því bresta sönnun um það, að stefnandi hafi neitað að hlýða skipstjóra eða vilja að komast hjá að sinna vinnuskyldu sinni í veiðiferðinni, sem í hönd fór, og verður að telja brottvísunina hafa verið tilefnislaus. Fallist er því á þá kröfu stefnanda, að hann eigi rétt á fullum launum í þrjá mánuði frá 10. nóvember 1993 skv. 9. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Í dómskjali nr. 28 kemur fram, að stefndi hafði „gert upp við stefnanda miðað við sölu afla, sem landað var úr skipinu 30. október og 8. nóvember 1993“. Ber að miða við, að stefnandi sé á launum í uppsagnarfresti frá 11. nóvember 1993 til 10. febrúar 1994, og er stuðst við, hvaða laun stefnandi hafði á skipinu þetta tímabil. Til grundvallar því þykir mega leggja þá launaútreikninga, sem fram koma í dómskjölum nr. 3–8. Engin gögn eru um, að vegna oliuhækkunar hafi prósentu utan skipta hækkað úr 24% í 25%, né fyrir hvaða tímabil það gildi. Laun í uppsagnarfresti sundurliðast þannig: 11-11-30/1993 172.497 kr., þ. e. 216.098 kr. – 43.601 kr. (laun stefnanda frá 1.–10. nóvember 1993). Laun í desember 1993 198.518 kr., í janúar 1994 97.560 kr. og laun frá 1. til 10. febrúar 1994 32.520 kr. Laun alls 501.155 (?) kr.

Um uppgjör.

Krafa stefnanda um 60.105 kr. auk dráttarvaxta, vegna þess að laun hans fyrir tímabilin 17. 7.–25. 7. og 26. 7. – 24. 8. 1993 hafi verið vanreiknuð, er samþykkt af stefnda og er tekin til greina.

Endanleg krafa stefnanda í framhaldssök er 21.212 kr. auk dráttarvaxta og miðast við það, að með uppgjöri til stefnanda á þeim hluta afla skipsins, sem samningurinn, merktur dskj. nr. 21, taki til og á þar greindu verði, sé verið að draga hluta af aflaverðmætinu undan hlutaskiptum, því að aflinn hafi engu að síður verið seldur óunninn á fiskmarkaði á mun herra verði, allt að 50% herra. Samningurinn er milli stefnda og tveggja sona hans, sem standa að útgerð vb. Alberts Ólafssonar, KE-39, og fiskverkunar stefnda, sem einkafyrirtækis hans. Þetta er því samningur innan fjölskyldu. Engin verkun fór fram á fiskinum til að auka verðgildi hans, og verður að líta svo á, að með þessu móti sé komið í veg fyrir, að skiptaverðmæti þessa afla til hlutaskipta miðist við hæsta gangverð, sem á honum var á þessum tíma. Samningur þessi var ekki borinn undir skipshöfnina til samþykktar, og verður að telja stefnanda óbundinn af honum. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 24/1986 verður að telja, að áhöfn skips öðlist eignarhlutdeild í verulegum hluta afla, um leið og hann hefur verið veiddur, og honum verði ekki ráðstafað

án samþykkis hennar, nema raunvirði fáið fyrir hann, og við þá viðmiðun er ekki heimilt að draga frá skiptaverðmæti kostnað við kvótakaup eða kvótaleigu, sbr. yfirlýsingu SSÍ og LÍÚ, dags. 26. apríl 1992. Í málinu má af framburði skipverja ætla, að samningurinn hafi verið gerður vegna slæmrar kvótastöðu útgerðar skipsins.

Samkvæmt gr. 1.24. í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands við LÍÚ skal útgerðarmaður hafa með höndum sölu á afla skips og skipverjum tryggt hæsta gangverð fyrir fiskinn, en þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Báðir aðilar þessa máls eru bundnir við þennan kjarasamning, en samkvæmt honum ræður útgerðarmaður, hverjum hann selur aflann, að því tilskildu, að hann tryggi skipverjum hæsta gangverð fyrir fiskinn. Það er álit réttarins, að það fasta verð, sem ákveðið er í fjölskyldusamningnum, sé langt frá því að vera hæsta gangverð, þegar lítið er til þeirra gagna, sem lögð hafa verið fram í málinu. Ekki verður því miðað við samninginn í máli þessu, heldur verður að leggja til grundvallar við ákvörðun á skiptaverðmæti þessa aflahlutar það verð, sem fékkst fyrir aflann á Fiskmarkaðinum í Hafnarfirði skv. fram lögðum gögnum, og er því endanleg krafa stefnanda í framhaldssök tekin til greina.

Kröfu stefnanda um dráttarvexti þykir og mega taka til greina, enda ekki andmælt, en þó í samræmi við þá breytingu, sem gerð hefur verið á stefnu-fjárhæð, sbr. dómsorð, og skal heimilt að höfuðstólsfæra þá, en í fyrsta sinn 18. ágúst 1994.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 135.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveður upp Guðmundur L. Jóhannesson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Óskar Ingibersson, greiði stefnanda, Gunnsteini A. Jak-obssyni, 582.372 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 10.355 kr. frá 15. 8. 1993 til 14. 9. 1993, af 60.005 kr. frá þeim degi til 15. 11. 1993, af 61.559 kr. frá þeim degi til 15. 12. 1993, af 253.714 kr. frá þeim degi til 15. 1. 1994, af 452.392 kr. frá þeim degi til 15. 2. 1994, af 549.852 kr. frá þeim degi til 15. 3. 1994 og af 582.372 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Heimilt er að höfuðstólsfæra vexti og þá í fyrsta sinn 15. ágúst 1994.

Stefndi greiði stefnanda 135.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.